

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 7505/2013

Reykjavík, 10. október 2018

Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Ég vísa til fyrri samskipta í tengslum við athugun mína er lýtur að aðbúnaði og aðstæðum fanga í fangelsinu á Litla-Hrauni, en einnig að aðstæðum fanga almennt, þ. á m. þeirri geðheilbrigðis- og sálfraðiþjónustu sem föngum stendur til boða og aðbúnaði geðsjúkra fanga í afplánunarfangelsum.

Af þessu tilefni ritaði ég m.a. dómstmálaráðuneytinu og velferðarráðuneytinu bréf, dags. 18. desember 2017 þar sem óskað var eftir tilteknum upplýsingum. Svarbréf barst frá velferðarráðuneytinu, dags. 28. febrúar 2018 og dómstmálaráðuneytinu, dags. 14. mars 2018. Í kjölfarið óskaði ég eftir frekari upplýsingum af hálfu dómstmálaráðuneytisins með bréfi, dags. 29. maí 2018, og var afrit sent á velferðarráðuneytið. Svarbréf dómstmálaráðuneytisins, dags. 1. október 2018, er meðfylgjandi.

Astaða þess að ég tel tilefni til að rita velferðarráðuneytinu bréf á ný er að ég hef nú um langt skeið átt í töluverðum samskiptum við það ráðuneyti sem fer með yfirstjórn fangelsismála, nú dómstmálaráðuneytið, og velferðarráðuneytið sem fer með heilbrigðissmál og ber ábyrgð á heilbrigðispjónustu við fanga í fangelsum að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun. Í samskiptum mínum við stjórnvöld hafa fangelsismálayfirvöld lýst áhyggjum sínum af því að á Litla-Hrauni hafi verið vistaðir fangar með alvarleg geðræn vandamál auk þess sem áhyggjum hefur verið lýst af almennri geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum og hvernig hún samræmist ákvæðum gildandi laga. Í svörum dómstmálaráðuneytisins til míni hefur verið tekið undir slíkar áhyggjur og þeirri afstöðu enn fremur lýst að framkvæmd laga um fullnustu refsinga tryggi ekki réttindi fanga samkvæmt 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 76. gr. stjórnarskráinnar og 3. gr. MSE með fullnægjandi hætti. Þá sé það afstaða ráðuneytisins að sú ráðstöfun að vista alvarlega geðsjúkan mann í afplánunarfangelsi kunni að ganga nærrí því að teljast brot á 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrár, sbr. 3. mgr. MSE.

Eftir að umrædd svör bárust frá ráðuneytunum ákvað ég eins og áður sagði að óska eftir frekari upplýsingum af hálfu dómsmálaráðuneytisins og bíða um sinn með að ljúka athugun minni á málínu. Hafði ég þá einkum í huga að fá upplýsingar um hvort fyrrnefnd afstaða dómsmálaráðuneytisins myndi leiða til þess að frekari skref yrðu tekin af hálfu stjórnvalda í þessum málum. Af svörum dómsmálaráðuneytisins, dags. 1. október sl., verður ráðið að það hafi átt í samskiptum við velferðarráðuneytið. Virðist dómsráðuneytið m.a. hafa óskað eftir að eiga sæti í starfshóp velferðarráðuneytisins til að vinna að eflingu geðheilbrigðisþjónustu fanga en sá hópur virðist ekki enn hafa verið skipaður. Þar kemur jafnframt fram að dómsmálaráðuneytið muni fylgja málínu eftir við velferðarráðuneytið.


Í skýringum dómsmálaráðuneytisins til míni birtist með skýrum hætti sú afstaða þess að tilteknar aðstæður sem eru uppi og hafa verið um langt skeið í geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu fanga tryggi ekki réttindi þeirra með fullnægjandi hætti. Af svörum ráðuneytanna til míni verður þó ekki annað ráðið en að staða þessara mála sé að mestu leyti óbreytt þar sem ekki virðast hafa verið gerðar áætlunar eða tekna ákvárdanir til að bregðast með einhverjum hætti við þeirri stöðu sem er uppi í þessum málum.

Með vísan til framangreinds og þar sem þær fyrirspurnir sem ég hef beint til ráðuneytanna virðast ekki hafa náð að koma þessum málum í skýrari faveg tel ég nauðsynlegt að kalla eftir því að velferðarráðuneytið geri mér sem allra fyrst grein fyrir hvernig það ætli að bregðast við fyrrnefndri stöðu sem dómsmálaráðuneytið hefur lýst að sé uppi í geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu fanga og þá eftir atvikum í samstarfi við önnur stjórnvöld. Ég tel jafnframt fullt tilefni til að áréttu hér þau sjónarmið sem hafa komið fram í fyrri bréfum mínum til ráðuneytanna um mikilvægi þess að tekið sé á þessari stöðu og úr henni greitt með samstarfi dómsmálaráðuneytisins, velferðarráðuneytisins og eftir atvikum annarra stjórnvalda.

Samkvæmt lögum fer ráðherra dómsmála með yfirstjórn fangelsismála og þar með fullnustu refsinga og starfsemi fangelsa landsins. Í 29. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun sér það ráðuneyti sem fer með heilbrigðismál um og ber ábyrgð á heilbrigðisþjónstu við fanga í fangelsum. Af hálfu umboðsmanns Alþingis hefur ítrekað síðustu ár verið vakin athygli á nauðsyn þess að bætt yrði úr geðheilbrigðisþjónustu við fanga og bent á að líkur væru á að ákveðin atriði þeirra mála væru ekki í samræmi við mannréttindareglur sem fram koma í stjórnarskrá og mannréttindasáttmálum. Svör yfirvalda hafa almennt verið þau að unnið væri að úrbótum í þessum málum og nefnd eða starfshópur hefði fjallað um málið eða skipa ætti slíkan hóp til að fjalla um málið og koma með tillögur. Eins og rakið var hér að framan þá liggur nú fyrir að ráðuneyti dómsmála telur að framkvæmd laga um fullnustu refsinga um þessi mál sé

ekki fullnægjandi með tilliti til mannréttindareglна. Fangelsismála-stofnun hefur einnig ítrekað lýst áhyggjum sínum af þessum málum. Þrátt fyrir þetta bera þau svör ráðuneytanna sem lýst var hér að framan með sér að staða þessara mála hefur lítið breyst. Hér hagar svo til að tveimur ráðuneytum er með lögum ætlað að koma að framkvæmd þessara mála þótt það sé skýrt að annað þeirra ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu fanga. Í ljósi afstöðu hins ráðuneytisins til þess hvernig framkvæmd þessara mála samrýmist mannréttindareglum og þess sem áður hefur verið lýst um svör stjórnvalda tel ég rétt að vegna ákvæðis 8. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, að senda forsætisráðherra afrit af þessu bréfi og þeim bréfum mínum og svarbréfum ráðuneytanna sem vísað er til hér að framan. Verði viðtaka forsætisráðherra á þessu bréfi tilefni athafna í samræmi við niðurlag lagagreinarinnar óska ég eftir að verða upplýstur um slíkt.

Frá sjónarhóli eftirlits umboðsmanns er sérstaklega brýnt að fá sem allra fyrst skýr svör um málið. Ég minni á að í þessu máli eru uppi álitamál um hvernig stjórnvöld framfylgja mannréttindareglum gagnvart frelsisviptum einstaklingum sem þau vista. Eins og velferðarráðuneytinu er kunnugt hefur umboðsmanni verið falið svokallað OPCAT-eftirlit og er fyrirhugað að það hefjist í októbermánuði. Ég tel því nauðsynlegt að geta sem allra fyrst lokið athugun minni á þessum þætti í heilbrigðisþjónustu við fanga og þá eftir atvikum gert Alþingi grein fyrir málinu. Með hliðsjón af því óska ég eftir að svar velferðarráðuneytisins berist mér eigi síðar en 31. október nk. Ég tek fram að ég hef sent dómsmála-ráðherra afrit af þessu bréfi.

Virðingarfyllst,

Tryggvi Gunnarsson